

# REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Alþingi

Erindi nr. P 135/810

komudagur 5.12.2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

5. desember 2007

## Umsögn ReykjavíkurAkademíunnar um frumvarp til laga um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og hverfisvernd.

Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur var fengin til að fjalla um frumvarpið ásamt undirrituðum og eru niðurstöður þessar:


Frumvarp þetta er framfaraskref þar sem treystar eru stoðir húsaverndar á tvennum vettvangi, í lögum um húsafriðun og skipulags og byggingarlögum. Breytingarnar eru í alla staði eðlilegar og brýnar en þó gæti verið að ástæða sé til að ganga heldur lengra en gert er í frumvarpinu.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er talað um hús annars vegar og kirkjur hins vegar. Spyrja má hvaða forsendur liggja að baki þessum tveimur tímamörkum og ennfremur hvort ekki sé ástæða til að aðrar opinberar byggingar en kirkjur falli undir þetta ákvæði. Ættu þær ekki að vera verndaðar eftir 75 ár á sama hátt og kirkjurnar? Þá væri full ástæða til að taka til athugunar hvort önnur mannvirki með sérstaka byggingasögulega skírskotun eins og t.d. almenningsgarðar, kirkjugarðar, torg, leikvellir o.fl. ættu ekki einnig heima undir þessum hatti.

Í greinargerðinni er talað um varðveislu heildarmyndar "söguleg yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynstur". Að okkar mati hefur þetta markmið ekki ratað inn í sjálfan lagatextann með nógu afgerandi hætti.


Virðingarfyllst,

Fyrir hönd ReykjavíkurAkademíunnar,



Viðar Hreinsson

Framkvæmdastjóri



Sólveig Ólafsdóttir

sagnfræðingur